



Stúdentaráð Háskóla Íslands

## SAMANTÉKT

### Á NIÐURSTÖÐUM KÖNNUNAR SHÍ UM FJÁRHAGSSTÖÐU STÚDENTA

1. Inngangur.....	2
2. Yfirlit um þátttakendur og úrvinnsla.....	2
2.1 Almenn yfirlit um þátttakendur.....	2
2.2 Úrvinnsla upplýsinga.....	5
3. Niðurstöður.....	5
3.1 Framfærsla á námstímanum.....	5
3.2 Önnur framfærsla en námslán.....	7
4. Samantekt.....	12

---

## 1. INNGANGUR

---

Könnun Stúdentaráðs um fjárhagsstöðu stúdenta var send út á alla nemendur Háskóla Íslands þann 12. apríl 2023. Nemendur fengu könnunina senda á HÍ netföng sín og var hún send á 14.125 manns. Könnunin stóð opin til og með 5. maí 2023 og bárust 718 svör. Spurningarnar voru 28 talsins og spurt var um persónuhagi, fjárhagsstöðu og námslán, bæði á íslensku og ensku. Markmiðið var að kortleggja fjárhagsstöðu stúdenta, þar á meðal helstu útgjaldaliði stúdenta og hvernig stúdentar fjármagna nám sitt.

Skrifstofa stúdentaráðs 2022-2023 áttu frumkvæði að könnuninni og sá einnig um framkvæmd hennar og úrvinnslu úr niðurstöðum hennar. Stúdentaráð ítrekaði könnuninna með fjöldapóst á nemendur þann 25. apríl og hvatti til þátttöku ásamt því að deila könnuninni á sínum samfélagsmiðlum. Einnig hvatti Stúdentaráð nemendafélög og önnur hagsmunafélög til að vekja athygli á könnuninni til að ná til sem flestra nemenda.

Svör bárust frá nemendum af öllum sviðum skólans. Miðað við að úrtakið sé öll þau sem skráð eru í nám við Háskóla Íslands var svarhlutfallið 5,1%<sup>1</sup>. Hins vegar má gera ráð fyrir að ákveðið hlutfall nemenda í þessum hópi stundi ekki lengur nám við Háskóla Íslands. Reynslan hefur sýnt að um það bil 30% þeirra sem skráðir eru í Háskóla Íslands samkvæmt nemendaskrá á þessum tíma eru ekki virkir nemendur við skólann. Hins vegar er ekki hægt að sjá fjölda virkra nemenda fyrir en vorprófum lýkur. Svarmöguleikum var þó háttað þannig að svarendur gátu hakað við svarmöguleikann “er ekki í námi” alls staðar þar sem við átti, sem gaf rannsakendum kost á að útiloka svör þeirra sem ekki eru í námi frá niðurstöðum könnunarinnar. Ef miðað er við að 30% úrtaksins séu ekki lengur nemendur við Háskólans má gera ráð fyrir að raunverulegt svarhlutfall sé um 7,3%.

---

## 2. YFIRLIT UM ÞÁTTTAKENDUR OG ÚRVINNSLA

---

---

### 2.1 ALMENNT YFIRLIT UM ÞÁTTTAKENDUR

---

Af þeim 718 nemendum sem svöruðu voru 537 konur (75,5%), 158 karlar (22,2%), 10 kynsegin (1,4%), en 6 svarendur gáfu ekki upp kyn sitt. Til samanburðar má geta þess að skólaárið 2022-2023 voru 68,3% skráðra nemenda við Háskóla Íslands konur, 31,6% karlar og 0,1% kynsegin. 174 svarenda voru á aldrinum 18-22 ára (24,3%), 248 svarenda voru 23-27 ára (34,6%), 128 svarenda voru á aldrinum 28-32 ára (17,9%), 65 svarenda á aldrinum 33-37 ára (9,1%), 47 svarendur voru 38-42 ára (6,6%) og 53 svarendur voru 43 ára eða eldri (7,4%). 2 svarendur gáfu ekki upp aldur sinn.

---

<sup>1</sup> Miðað við tölur um fjölda nemenda við Háskóla Íslands frá 20. febrúar 2023: <https://www.hi.is/kynningarefni/nemendur>

**Tafla 2.1. Aldur svarenda**

Aldur	Fjöldi	Hlutfall
18-22 ára	174	24,3%
23-27 ára	248	34,7%
28-32 ára	128	17,9%
33-37 ára	65	9,1%
38-42 ára	47	6,6%
43 ára eða eldri	53	7,4%
<b>Alls:</b>	715	100%

Nemendur af öllum fræðasviðum skólans svöruðu könnuninni. Í töflu 2.2 má sjá skiptingu svarenda eftir fræðasviðum, annars vegar hvernig þeir nemendur sem tóku þátt skiptust eftir fræðasviðum og hins vegar stærð fræða sviðanna hlutfallslega miðað við alla skráða nemendur<sup>2</sup>. Upplýsingar um fræðasvið vantaði hjá 7 svarendum.

**Tafla 2.2. Svarendur flokkaðir eftir því á hvaða sviði Háskólans þau stunda nám**

Fræðasvið	Hlutfall sviða í hópi svarenda	Fjöldi	Hlutfallsleg stærð sviða í HÍ
Félagsvísindasvið	28,2%	198	26,7%
Heilbrigðisvísindasvið	22,5%	158	19,7%
Hugvísindasvið	18,6%	131	16,1%
Menntavísindasvið	9,0%	63	19,9%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	19,3%	136	13,9%
Þverfræðilegt framhaldsnám	2,4%	17	3,7%
<b>Alls:</b>	100%	703	100%

Þegar aldur nemenda var skoðaður kom fram flestir svarendur voru á aldrinum 23-27 ára eða 34,6% svarenda, fæstir svarenda voru á aldrinum 38-42 ára eða 6,6%. 2 svarendur vildu ekki svara.

Í samhengi við svið kom í ljós að á verkfræði- og náttúruvísindasviði stundaði hæsta hlutfall nemenda í yngsta aldursflokknum nám en 32,4% eða fleiri svarendur af því sviði voru á aldrinum 18-22 ára. Á menntavísindasviði voru 15,9% svarenda hins vegar eldri en 43 ára.

<sup>2</sup> <https://www.hi.is/kynningarefni/nemendur>

Spurt var um hve lengi nemendur höfðu stundað háskólanám og af töflu 2.3 má ráða að mörg höfðu ágætis reynslu af háskólanámi.

**Tafla 2.3. Fjöldi missera sem svarendur höfðu stundað nám í Háskóla Íslands**

Fjöldi anna	Ekki lokið neinni önn	1 önn	2 annir	3-4 annir	5-6 annir	7-8 annir	9-10 annir	Lengur
<b>Hlutfall</b>	2,6%	15,2%	8,0%	20,9%	21,3%	13,6%	9,0%	9,4%

72,3% nemenda sem tóku þátt í könnuninni voru barnlaus, 20,9% voru foreldri í sambúð en 5,3% voru einstætt foreldri. 44% af foreldrum voru með eitt barn á framfæri, 32% með tvö börn á framfæri og 15% með þrjú eða fleiri börn á framfæri. Stór hluti svaranda vildi ekki svara eða 38% en má ætla að stór hluti af þeim hópi séu barnlaus. Í töflu 2.4 eru ítarlegri upplýsingar um fjölskyldusamsetningu svarenda.

**Tafla 2.4 . Fjölskyldustærð svarenda**

Fjölskyldusamsetning	Fjöldi	Hlutfall
Barnlaus	516	73,4%
Foreldri	149	21,2%
Einstætt foreldri	38	5,4%
<b>Alls:</b>	<b>703</b>	<b>100%</b>
<i>Fjöldi barna á framfæri:</i>		
Eitt barn	82	50%
Tvö börn	60	36,6%
Þrjú börn eða fleiri	22	13,4%
<b>Alls:</b>	<b>164</b>	<b>100%</b>

**Tafla 2.5. Búsetuhagir svarenda**

<b>Aldur</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Bý í foreldrahúsum	159	22,4%
Bý í eigin húsnæði	191	26,9%
Bý á stúdentagörðum	207	29,1%
Bý í öðru leiguhúsnæði	136	19,1%
Annað	18	2,5%
<b>Alls:</b>	<b>711</b>	<b>100%</b>

Í þeirri umfjöllun sem á eftir kemur er oft notast við þá skiptingu sem fram kemur í töflu 2.4, við nánari greiningu á niðurstöðum, auk þess sem greinarmunur er gerður á því hvort svarendur búa í foreldrahúsum eða í eigin/leiguhúsnæði.

---

## 2.2 ÚRVINNSLA UPPLÝSINGA

---

Þar sem megin markmiðið með könnuninni var að meta hvernig nemendur framfleyta sér í námi, eru niðurstöður einkum birtar sem hlutfallstölur.

Við mat á hlutfalli þeirra sem höfðu mismunandi tekjur og samsetningu framfærslukostnaðar eftir bakgrunnsþáttum, svo sem fjölskyldu- og búsetugerð, var tölfræðiprófið Kí-kvaðrat (chi-square) notað. Kí-kvaðrat prófið metur hvort munur á hlutföllum er tölfræðilega marktækur. Miðað var við marktækniröfuna ( $\delta = 0,05$ ), það er 95% vissu.

---

## 3. NIÐURSTÖÐUR

---

Í þessum kafla verður greint frá helstu niðurstöðum úr könnuninni um framfærslukostnað nemenda. Niðurstöðurnar eru meðal annars greindar eftir aldri og búsetugerð.

---

### 3.1 FRAMFÆRSLA Á NÁMSTÍMANUM

---

Skoðum fyrst þá nemendur sem voru á námslánnum. Tæplega 26% nemenda sem svöruðu könnuninni tóku námslán hjá Menntasjóði námsmanna eða forvera hans, Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þar af voru það tæp 26% (48 nemendur) sem einvörðungu framfleyttu sér á námslánnum en rúmlega 74% (139 nemendur) öfluðu sér einnig viðbótartekna. Þær tekjur voru að mestu tilkomnar vegna vinnu nemanda með námi (101 nefndi það), vinnu maka (44

nefndu það), styrks frá foreldrum eða ættingum (35 nefndu það), og annarra lána og rannsóknarstyrkja (15 nefndu það). Sjá mynd 3.1.

### Mynd 3.1

Meirihluti svarenda sem tóku námslán hjá Menntasjóði námsmanna og/eða Lánasjóði íslenskra námsmanna voru konur eða tæplega 80%. Einnig kom fram munur eftir aldri nemenda - af þeim sem tóku námslán voru hlutfallslega færri eldri en 32 ára. Í töflu 3.1 má sjá skiptingu þeirra sem tóku námslán eftir aldri og námslengd.

**Tafla 3.1. Nánari greining á þeim sem taka námslán**

Þau sem taka námslán	Fjöldi	Hlutfall
<b>Allir nemendur</b>	186	25,9%
Aldur:		
18-22 ára	39	21,0%
23-27 ára	67	36,0%
28-32 ára	40	21,5%
33-37 ára	19	10,2%
38-42 ára	9	4,8%
43 ára og eldri	12	6,5%
<b>Alls:</b>	<b>186</b>	<b>100%</b>
Námslengd:		
2 annir eða minna	32	17,4%
3-4 annir	36	19,6%
5-6 annir	55	29,9%
7-8 annir	30	16,3%
9-10 annir	21	11,4%
Lengur en 11 annir	10	5,4%
<b>Alls:</b>	<b>184</b>	<b>100%</b>

Skóðað eftir sviðum voru það hlutfallslega flestir nemendur á félagsvísindasviði og heilbrigðisvísindasviði sviði sem tóku námslán en hlutfallið var lægst á menntavísindasviði. Um það bil 33,7% þeirra sem nemenda sem höfðu börn á framfæri tóku námslán en rúmlega

23,8% þeirra sem ekki höfðu börn á framfæri. Þegar litið er til búsetu tóku 34,8% þeirra sem búa á stúdentagörðum námslán, 30,9% þeirra sem búa í öðru leiguhúsnæði og 28,8% þeirra sem búa í eigin húsnæði.

Þegar skoðuð var húsnæðisstaða þeirra sem tóku námslán bjuggu tæp 40% á stúdentagörðum, rúm 30% í öðru leiguhúsnæði, um 23% í eigin húsnæði og um 7% í foreldrahúsum.

---

### 3.2 ÖNNUR FRAMFÆRSLA EN NÁMSLÁN

---

Allir svarendur voru spurðir út í framfærslu á meðan á námi stendur.

**Tafla 3.2. Yfirlit um aðrar tekjur nemenda**


Framfærsla	Fjöldi	Hlutfall
Vinn með náminu	498	69,4%
< 25% starfshlutfall	133	26,7%
25-50% starfshlutfall	191	38,4%
51-75% starfshlutfall	84	16,9%
> 75% starfshlutfall	79	15,9%
Fæ styrk frá foreldrum eða ættingjum	138	19,2%
Maki er í vinnu	142	19,8%
Er á rannsóknarstyrk	56	7,8%
Tek önnur lán en námslán	19	2,6%
Annað fyrirkomulag	78	10,9%
<b>Alls</b>	<b>931 svar*</b>	<b>129,7%*</b>

*\*Nefna mátti fleiri en einn valkost, því eru samanlögð svör fleiri en heildarfjöldi svarenda og svarhlutfall hærra en 100%.*

Flest þau sem svöruðu könnuninni unnu meðfram námi til að framfleyta sér eða 69,4%. 19,8% svarenda áttu maka í vinnu, 19,2% fengu styrk frá foreldrum eða ættingjum og 7,8% voru á rannsóknarstyrk. 2,6% tóku önnur lán en námslán.

Þau sem tóku námslán voru spurð eftirfarandi spurninga: 1) skerðir LÍN/MSNM námslán þín sökum tekna þinna eða styrkja?; 2) hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi


fullyrðingu: "námslánin duga til að ég geti framfleytt mér"?; og 3) hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: "ég myndi hætta að vinna með námi ef námslánin væru hærri"? og 4) Hvernig upplifir þú gæði þjónustu MSNM/LÍN? Þar að auki voru þau sem tóku námslán spurð hvort að þau hefðu lent í því að umsókn þeirra um námslán hefði verið hafnað. Spurningin var opin og voru svarendur beðnir um að tilgreina nánar af hvaða ástæðu umsókn þeirra var hafnað ef svarað var játandi. Á mynd 3.2 eru niðurstöður um skerðingu námslána.



Mynd 3.2


Eins og sjá má á mynd 3.2 var meirihluti lántaka í þeirri stöðu að námslán þeirra voru skert vegna viðbótartekna. Ríflega helmingur, eða 60% lántaka, kvaðst annað hvort sammála eða mjög sammála eftirfarandi fullyrðingu: "ég myndi hætta að vinna með námi ef námslánin væru hærri". Þá voru 13,4% lántaka ósammála eða mjög ósammála fullyrðingunni og 10,9% voru hvorki sammála né ósammála. 7,4% svöruðu „veit ekki“ og 7,4% vildu ekki svara.





Mynd 3.3

Þegar spurt var hversu sammála svarendur væru fullyrðingunni „námslánin duga til að ég geti framfleytt mér“ voru 84,4% annað hvort frekar eða mjög ósammála, 6,1% hvorki sammála né ósammála og 9,5% frekar sammála eða mjög sammála.



Mynd 3.4

En þá að ástæðum fyrir vinnu nemenda með námi. Í töflu 3.3 eru þær ástæður sem nemendur gáfu fyrir því að þau ynnu með námi sínu, merkja átti við allt sem við gat átt.

**Tafla 3.3. Ástæður sem nemendur nefna fyrir því að vinna með námi**

	Alls		Svarendur á námslánnum		Svarendur ekki á námslánnum	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Fæðiskostnaður	469	88,7%	98	89,1%	371	88,5%
Bækur og kostnaður vegna skólans	332	62,8%	58	52,7%	274	65,4%
Fatakaup	312	59,0%	55	50,0%	257	61,3%
Húsnæði	390	73,7%	91	82,7%	299	71,4%
Tómstundir og skemmtanir	297	56,1%	60	54,5%	237	56,6%
Skuldir	133	25,1%	34	30,9%	99	23,6%
Framfærsla barns/barna	88	16,6%	22	20,0%	66	15,8%
Samgöngukostnaður	332	62,8%	71	64,5%	261	62,3%
<b>Alls</b>		<b>462,4%</b>		<b>459,1%</b>		<b>463,2%</b>

*\*Nefna mátti fleiri en einn valkost, því er samanlagt hlutfall hærra en 100%*

Um 28,7% svarenda var með lægri tekjur en 200.000 krónur á mánuði fyrir skatt. Til samanburðar er framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara 208.960 krónur á mánuði fyrir barnlausan einstakling. Ekki er tekið mið af húsnæðiskostnaði í þeirri upphæð. Samkvæmt upplýsingum frá umboðsmanni var viðmiðið síðast uppfært í júní. Viðmiðið byggir að mestu leyti á sama grunni og viðmið félagsmálaráðuneytisins, en það hefur ekki verið uppfært síðan í október 2019 og því er viðmið Umboðsmanns skuldara notað til samanburðar hér.

Í töflum 3.4 og 3.5 má sjá hve margir nemendur eru á hvaða tekjubili. Þær tekjur sem nemendur gáfu upp á mánuði fóru nokkuð eftir fjölskyldustærð, þannig voru nemendur með börn á framfæri með hærri tekjur en hinir ef tekjur voru flokkaðar í fjögur tekjubili.

**Tafla 3.4. Meðaltekjur foreldra á mánuði fyrir skatta**

	Alls foreldrar		Foreldrar		Einstæðir foreldrar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Allt að 199 þúsund krónur	42	28,2%	34	29,3%	8	24,2%

	Alls foreldrar		Foreldrar		Einstæðir foreldrar	
200-399 þúsund krónur	46	30,9%	33	28,4%	13	39,4%
400-599 þúsund krónur	34	22,8%	25	21,6%	9	27,3%
Hærr en 600 þúsund krónur	27	18,1%	24	20,7%	3	9,1%
<b>Alls:</b>	<b>149</b>	<b>100%</b>	<b>116</b>	<b>100%</b>	<b>33</b>	<b>100%</b>

**Tafla 3.5. Meðaltekjur barnlausra á mánuði fyrir skatta**

Alls barnlaus		
	Fjöldi	Hlutfall
Allt að 199 þúsund krónur	217	52%
200-399 þúsund krónur	146	35%
400-599 þúsund krónur	42	10,1%
Hærr en 600 þúsund krónur	12	2,9%
<b>Alls:</b>	<b>417</b>	<b>100%</b>

**Tafla 3.6. Meðaltekjur eftir búsetuhögum á mánuði fyrir skatta**

	Eigin húsnæði		Stúdenta- garðar		Annað leiguhúsnæði		Foreldrahús	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Allt að 199 þúsund krónur	38	24,4%	89	53,9%	48	43,6%	83	65,9%
200-399 þúsund krónur	50	32,1%	59	35,8%	41	37,3%	35	27,8%
400-599 þúsund krónur	36	23,1%	17	10,3%	18	16,4%	6	4,8%
Hærr en 600 þúsund krónur	32	20,5%	0	0,0%	3	2,7%	2	1,6%
<b>Alls:</b>	<b>156</b>	<b>100%</b>	<b>165</b>	<b>100%</b>	<b>110</b>	<b>100%</b>	<b>126</b>	<b>100%</b>

Til að ljúka umfjöllun um tekjur eru í töflu 3.6 birtar meðaltekjur á mánuði fyrir alla svarendur, auk þess sem þeim er skipt í flokka eftir búsetuhögum og hvort þau hafa börn á framfæri. Flestir svarendur voru með meðaltekjur á bilinu 100.000 til 199.999 krónur fyrir skatt eða rúmlega 30%. Það eru svo um 15% stúdenta sem voru með lægri tekjur en 100.000, 22% sem höfðu tekjur á bilinu 200.000 til 299.999, rúm 11% á bilinu 300.000 til 399.999, um 9% á bilinu 400.000 til 499.999, um 4% á bilinu 500.000 til 599.999 og um 7% með hærri tekjur en 600.000.

---

#### 4. SAMANTEKT

---

Í þessari skýrslu hefur verið lýst niðurstöðum á framfærslu og tekjum 718 stúdenta við Háskóla Íslands. Tæplega 70% þeirra stúdenta sem tók þátt í könnuninni vann með námi en hin framfleyttu sér með ýmsum hætti, algengast var þó með námslánnum, vinnu maka eða styrk frá foreldrum. Einungis rúmur fjórðungur þeirra sem tóku námslán framfleytti sér eingöngu á lánunum. Algengast var að stúdentar ynnu hlutastarf með námi en þó voru um það bil 15% þeirra sem unnu með námi í meira en 75% starfi. Fjórar algengustu ástæður fyrir vinnu lántaka með skóla voru tengdar beinni framfærslu (fæðiskostnaður, húsnæðiskostnaður, samgöngukostnaður og bækur og kostnaður vegna skóla). Rúmur helmingur þeirra sem vann með náminu sagðist myndu hætta því ef námslánin væru hærri.

Rúmur helmingur svarenda sem tóku námslán urðu fyrir því að námslán þeirra skertust vegna tekna eða rúm 55%. Stærsti hluti svarenda var með meðaltekjur á bilinu 100.000 til 199.999 krónur á mánuði fyrir skatt. Hafa ber í huga að fremur algengt var að fámennur hópur gæfi upp há laun miðað við hópinn í heild sinni sem skeykir þessa mynd af tekjum stúdenta nokkuð.

Alls voru átta útgjaldaliðir skoðaðir hjá stúdentum í þessari könnun en það voru matur, húsnæði, samgöngur, bækur og kostnaður vegna skóla, fatnaður, kostnaður við tólmstundir og skemmtanir, skuldir og framfærsla barns/barna. Þar vó kostnaður vegna fæðis þyngst en tæplega 90% sögðust vinna með námi til að standa straum af fæðiskostnaði. Húsnæðiskostnaður vó einnig þungt en tæp 75% sögðust vinna með námi til að standa straum af slíkum kostnaði.

Að þessu sögðu er rétt að hafa í huga að þær tekjutölur sem fram koma í þessari könnun Stúdentaráðs Háskóla Íslands byggja á mati stúdenta sjálfra og rétt að líta á þær sem vísbendingar um tekjur. Ekki er unnt að tryggja að allir svarendur hafi gefið sér sömu forsendur við mat á tekjum sínum. Hins vegar var það töluvert stór hópur stúdenta, 718 alls, sem svaraði könnuninni sem styrkir niðurstöðurnar.